

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/122****2018/EES/33/15****frá 20. október 2017****um breytingu á I., II., VI., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílværa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílværa og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB ⁽¹⁾, einkum 21. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílværa og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við upplýsingar sem tilgreindar eru á merkimiða.
- 2) Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1007/2011 lagði framleiðandi umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um að bæta við efninu „pólýakrýlat“ sem nýju textíltrefjaheiti í skrána sem sett er fram í I. viðauka við þá reglugerð. Umsókninni fylgdi tækniskjal sem uppfyllir allar lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í II. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Að loknu mati á umsókninni um nýtt textíltrefjaheiti og að höfðu samráði við almenning á Europa-vefsetrinu komst framkvæmdastjórnin, í samráði við sérfræðinga aðildarríkjanna og hagsmunaaðila, að þeirri niðurstöðu að bæta ætti nýja textíltrefjaheitinu „pólýakrýlat“ við í skrána yfir textíltrefjaheitin sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011.
- 4) Í því skyni að taka tillit til tækniframfara ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011, einkum að því er varðar skilgreiningu á nýja textíltrefjaheitinu, sem lögð er til, og auðkenningar- og magnákvörðunaraðferðir sem lagðar eru til.
- 5) Í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er sett fram skrá yfir textílvörur sem nægir að merkja sameiginlega. Sú skrá tekur til sauma-, viðgerða- og útsaumsgarns í smásölu í litlu magni þar sem eigin þyngd þess nemur einu grammi eða minna. Sökum tækniframfara er þessi tiltekna textílværa þó ekki lengur boðin í smásölu í því magni þar sem eigin þyngd vörunnar er eitt gramm eða minna. Því ætti að uppfæra skrána yfir textílvörur, sem sett er fram í VI. viðauka við þá reglugerð, sem merkja má sameiginlega.
- 6) Í þeim tilgangi að gera kleift að nota samræmdar aðferðir við magngreiningu á textíltrefjablöndum, ætti að breyta prófunaraðferðunum, sem settar eru fram í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011, með því að bæta við „pólýakrýlat“-trefjum. Enn fremur ætti að bæta við nýrri prófunaraðferð, varðandi magngreiningu á trefjablöndum úr pólýester og öðrum tilteknum trefjum, í VIII. viðauka við þá reglugerð.
- 7) Í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er einnig mælt fyrir um samþykkt frávik sem nota skal við útreikning á trefjamassa í textílvöru. Þar af leiðandi ætti að bæta gildi samþykkt fráviks fyrir „pólýakrýlat“ við í skrána sem sett er fram í IX. viðauka við þá reglugerð.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I., II., VI., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjútíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., VI., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi röð nr. 50 bætist við í I. viðauka:

„50	pólýakrýlat	trefjar sem myndaðar eru úr víxltengdum stórsameindum með yfir 35% (miðað við massa) af akrýlathópum (sýra, sölt úr léttmálmi eða esterar) og undir 10% (miðað við massa) af akrýlnítrílhópum í keðjunni og allt að 15% (miðað við massa) af köfnunarefni í víxltengingu“;
-----	-------------	--

2) í II. viðauka er eftirfarandi liðum breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 2. og 3. liðar:

„2) Skilgreining á textíltrefju sem lögð er til:

sú skilgreining sem lögð er til skal lýsa trefjasamsetningunni. Þá eiginleika sem eru nefndir í skilgreiningunni á nýrri textíltrefju, t.d. teygjanleiki, skal vera hægt að sannprófa með staðalprófunaraðferðunum, sem tilgreindar eru í tækniskjalinu, ásamt tilraunaniðurstöðum greiningar.

3) Greining á textíltrefjunni: efnaformúla, munur á fyrirbyggjandi textíltrefjum, FTIR-tíðniróf, ásamt, þar sem við á, ítarlegum upplýsingum, s.s. bræðslumark, eðlismassi, brotstuðull og brunaeiginleikar.“;

b) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5) Auðkenningar- og magnákvörðunaraðferðir, sem lagðar eru til, þ.m.t. tilraunagögn:

Umsækjandinn skal meta möguleikann á að nota aðferðirnar, sem skráðar eru í VIII. viðauka, eða þá samhæfðu staðla sem verða teknir upp í þann viðauka til að greina þær blöndur sem helst er búist við á markaði af nýju textíltrefjunni með öðrum textíltrefjum og skal gera tillögu um a.m.k. eina af þeim aðferðum. Að því er varðar þær aðferðir eða samhæfðu staðla þar sem textíltrefjan getur talist óleysanlegur efnisþáttur skal umsækjandi tilgreina „d“-þættina sem svara til massaleiðréttingarstuðlanna sem beita skal við útreikninga (til að taka tillit til massataps sem þekkt er að gerist við greiningu) á nýju textíltrefjunni.

Ef aðferðirnar, sem skráðar eru í þessari reglugerð, henta ekki skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi rökstuðning og leggja til eina eða fleiri nýjar aðferðir. Nýja aðferðin eða nýju aðferðirnar, sem lagðar eru til, skulu lýsa notkunarsviðinu (þ.m.t. trefjablöndum), meginreglunni (einkum efnavinnslu og vinnslustigum), tækinu og hvarfmiðlinum eða hvarfmiðlunum, prófunaraðferðum, útreikningum og framsetningu niðurstaðna (þ.m.t. gildi „d“-þáttanna) og nákvæmni (öryggismörk niðurstaðna).

Umsóknin skal fela í sér öll tilraunagögn, einkum að því er varðar trefjaeiginleika, auðkenningar- og magnákvörðunaraðferðir sem lagðar eru til. Gögn um nákvæmni, traustleika og endurteknungarnákvæmni aðferðanna skulu lögð fram með skjalinu.“;

c) í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7) Viðbótarupplýsingar um framleiðsluaðferð og mikilvægi fyrir neytendur, til stuðnings umsókninni:

tækniskjalið skal a.m.k. fela í sér upplýsingar um fjölda framleiðenda, staðsetningu framleiðsluaðstöðu og væntanlegan aðgengileika nýju trefjunnar á markaði eða þeirra vara sem framleiddar eru úr þeirri trefju.“;

d) eftirfarandi 8. liður bætist við:

„8) Tiltæk sýni:

framleiðandi eða aðili, sem kemur fram fyrir hans hönd, skal veita dæmigerð sýnishorn af nýju, hreinu textíltrefjunni og viðeigandi textíltrefjablöndum sem eru nauðsynlegar til að sannprófa nákvæmni, traustleika og endurteknungarnákvæmni þeirra auðkenningar- og magnákvörðunaraðferða sem lagðar eru til. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir viðbótarsýnum af viðkomandi trefjablöndum frá framleiðandanum eða aðilanum sem kemur fram fyrir hans hönd.“;

3) í stað 18. liðar í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums í smásölu“;

4) ákvæðum 2. kafla VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í yfirlitstöflunni í IV. hluta er eftirfarandi röð fyrir aðferð nr. 17 bætt við:

„17	Pólýester	Tilteknar aðrar trefjar	Tríklóróedíksýra og klóróform“,
-----	-----------	-------------------------	---------------------------------

b) aðferð nr. 1 er breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gífli (13), ramí (14), sísalí (15), kúprói (21), módali (22), prótíni (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (45), elastólefini (46), melamíni (47), tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49) og pólýakrýlati (50).

Þessari aðferð er aldrei beitt á asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.“,

ii. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín og pólýakrýlat en þá er „d“ = 1,01.“,

c) í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 5 komi eftirfarandi:

„2. tríasetati (24), pólýprópýleni (37), elastólefini (46), melamíni (47), tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49) og pólýakrýlati (50).“,

d) í stað liðar 1.2 í aðferð nr. 6 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefini (46), melamíni (47), tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49) og pólýakrýlati (50).

Athugasemd:

Tríasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í hvarfmiðlinum. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.“,

e) aðferð nr. 8 er breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (45), elastólefini (46), melamíni (47), tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49) og pólýakrýlati (50).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tiltekin mótakrýl, sem hafa verið meðhöndluð með málmauknum leysilítum, en ekki um þær sem litaðar eru með eftirkrómuðum leysilítum.“,

ii. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða ull, baðmull, kúpró, mótal, pólýester, elastófjölester, melamín og pólýakrýlat en þá er „d“ = 1,01.“,

f) aðferð nr. 9 er breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (45), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49) og pólýakrýlati (50).

Fari ullar- eða silkimagnt blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 2.

Fari pólýamíð- eða nælonmagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 4.“,

ii. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín og pólýakrýlat en þá er „d“ = 1,01.“

g) aðferð nr. 13 er breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), asetati (19), kúprói (21), móдали (22), tríasetati (24), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjölester (45), melamíni (47) og pólýakrýlati (50).“

ii. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða melamín og pólýakrýlat en þá er „d“ = 1,01.“

h) aðferð nr. 15 er breytt sem hér segir:

i. í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), móдали (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), glertrefjum (44), melamíni (47) og pólýakrýlati (50).

Ef móðakrýltrefjar eða elastön eru til staðar skal fyrst framkvæma forpröfun til þess að kanna hvort trefjarnar séu að öllu leyti leysanlegar í hvarfmiðlinum.

Einnig má greina blöndur, sem innihalda klórtrefjar, með því að nota aðferð nr. 9 eða 14.“

ii. í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða pólýakrýlat en þá er „d“ = 1,02, silki og melamín en þá er „d“ = 1,01 og akrýl en þá er „d“ = 0,98.“

i. eftirfarandi aðferð bætist við:

„AÐFERÐ nr. 17

Pólýester og aðrar tiltekna trefjar

(Aðferð þar sem notuð er tríklóróediksýra og klóróform).

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir trefjablöndur úr tveimur efnum:

1. pólýester (35)

með

2. pólýakrýlati (50).

2. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Meginreglan, tækið og hvarfmiðillinn, prófunaraðferð, útreikningur og framsetning niðurstaðna, sem eiga við um trefjablöndur úr tveimur efnum úr pólýester með pólýakrýlati, er lýst í staðli EN ISO 1833-25:2013. Gildi „d“ er 1,01.“

5) eftirfarandi færsla nr. 50 bætist við í IX. viðauka:

„50. Pólýakrýlat 30,00“.